



Faghópur II

Fundargerð 27. fundar

Orkugarði 25. nóvember 2009, kl. 13:30-16:30

Mætt: Anna G. Sverrisdóttir, Anna Dóra Sæpórsdóttir, Friðrik Dagur Arnarsson, Ólafur Örn Haraldsson, Rögnvaldur Ólafsson, Sveinn Runólfsson og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð.

Forföll: Guðni Guðbergsson, Jóhannes Sveinbjörnsson.

Fundarfrásögn:

1. **Fundargerðir.** Til frambúðar verður sá háttur hafður á að fundargerðir teljast samþykktar ef ekki hafa borist athugasemdir við útsend drög innan tveggja virkra daga.
2. **Breytingar á aðferðafræði.** Anna Dóra kynnti tillögur hennar og Rögnvalds um minniháttar breytingar á aðferðafræði mats. Gerðar voru nokkrar orðalagsbreytingar og áherslubreytingar á mats- og leiðbeingjarblöðum. Megin breytingar, sem samþykktar voru:
 - a. Breyta vægi viðfangsins „Upplifun“ þannig:
 - i. Eðlisrænu eiginleikarnir „náttúrulegt/manngert umhverfi“, „stærð/heild/víðerni“, „einstætt/fágæt á landsvísu“ og „landslag“ fá sameiginlega 40% vægi.
 - ii. Aðrir eðlisrænir eiginleikar fá samtals 20% vægi.
 - iii. Hughrif fá 40% vægi.
 - b. Rökrætt var fyrir hvað undirviðfangið „er svæðið á náttúruminjaskrá“ stæði fyrir. Samþykkt var að gefa þeim svæðum sem eru friðlýst fá einkunnina 10 en önnur svæði á náttúruminjaskrá sem og svæði á þingsályktunartillögu um náttúruverndaráætlun 2009-2013 sem liggur fyrir yfirstandandi þingi fá einkunnina 6. Starfsmanni var falið að endurskoða minnisblað um áhrif friðunar á einstök matssvæði.
 - c. Nokkrar endurbætur voru gerðar á útreikningum og framsetningu á viðföngum undir „afþreyingamöguleikum“. Áréttað að mikilvægt væri að líta bæði til núverandi stöðu og framtíðarmöguleikum þótt erfitt væri að horfa fram á veginn því ekki er til staðar landnýtingaráætlun eftir svæðum.
 - d. Við útfyllingu matsblaðs var ákveðið að ef meðlimir hópsins þekki ekki nægilega vel til þess svæðis sem metið er, skulu þeir skila auðu.

3. **Mat á svæðum milli Hofsjökuls og Langjökuls (Kili).** Sú breyting var gerð á skilgreiningu undirsvæða á Kili að „Kjalvegur“ féll út sem sérsvæði og verður hluti af svæðinu sem kennt er við Hveravelli. Þá tók við samræming á einkunnagjöf í verðmætamati svæðanna en til grundvallar lágu einkunnir sem meðlimir höfðu lagt niður hver í sínu lagi. Í beinu framhaldi hófst áhrifsmat.
4. **Fundi slitið kl. 16:30.**
5. **Næsti fundur** verður haldinn þann 2. desember kl. 13:00 (hlunnindamat) og 15:00 (ferðaþjónusta og útivist).